

# Allt að vinna í Evrópu

**A**ðild að Evrópusambandinu er stærsta hagsmunamál okkar Íslendinga. Af hverju segi ég það? Jú, því hún snýst um stöðugleika. Með aðild getum við tryggt að lífskjör á Íslandi muni í framtíðinni standa jafnfætis því sem best gerist í nágrannaríkjunum. Reynslan sýnir að aðild stóreykur fjárfestingar frá öðrum löndum sambandsins. Evrópuleiðin er því líka leið til að vinna bug á atvinnuleysinu með því að efla fjárfestingar, nýsköpun og útflutning. Hún gefur okkur færi á að taka upp traustan gjaldmiðil og rjúfa vítahring verðbólgu, vaxta og verðtryggingar sem er hér allt að sliga. Þó svarir á súðum á fjármagnsmörkuðum Evrópu hef ég fulla trú á því að evran komi sterkari en áður út úr ólgunni. Þegar Íslendingar í fyllingu tímans taka afstöðu til samnings um aðild munu þeir eiga kost á að taka upp endurskapaða evru sem hefur skúrt í eldi núverandi ólgu. Nýir þverbitar munu styrkja grunn hennar. Evrópa snýst líka um unga fólk okkar. Og með aðild stöndum við líka vörð um fullveldi okkar og sjálfstæði. Fullveldi felst ekki í einangrun. Aðeins með því að eiga sæti við borðið getum við haft áhrif á þær ákvarðanir sem móta framtíð okkar. Fullveldi felst ekki í einangrun eða vanmetakennd. Fullveldi tryggjum við með samvinnu við önnur sjálfstæð ríki um sameiginlega hagsmuni.

## Viðræður ganga vel

Það tók okkur aðeins eitt ár að fá stöðu umsóknarríkis og annað ár fór í að bera saman löggjöf ESB og Íslands. Aðeins tveimur árum eftir að ég afhenti Carli Bildt utanríkisráðherra Svíþjóðar aðildarumsókn Íslands voru þannig fyrstu fjórir samningskaflarnir opnaðir, og svo tveir til



” Með aðild getum við tryggt að lífskjör á Íslandi muni í framtíðinni standa jafnfætis því sem best gerist í nágrannaríkjunum.

viðbótar nú í október. Næsta ríkjaráðstefna Íslands og ESB verður 12. desember og er stefnan að opna 6-8 kafla þannig að samtals verðum við komin langleiðina að því marki að hafa opnað viðræður um allt að helming þeirra 33 samningskafla sem viðræðurnar snúast um. Ég hef lýst þeim metnaði okkar Íslendinga að opna alla kaflana og vera búin að ljúka viðræðum um allt að 20 kafla fyrir lok dönsku formennskunnar í júnílok á næsta ári.

## Ekkert að óttast

Skilaboð hins ágæta Tékka, Stefáns Fule, stækkunarstjóra ESB sem kom til Íslands í síðustu viku voru skýr. Já, það eru erfiðir samningar framundan, en sérhver stækkun ESB hefur verið sérstök. Í öllum tilvikum hefur ESB leitað við að finna lausnir sem tekur mið af séraðstæðum í hinum nýju ríkjum. Þessi orð eru músík í okkar eyrum og í þeim er samhljómur með okkar málflutningi. Við getum og munum finna lausnir sem tryggja helstu hagsmuni okkar í sjávarútvegi, og sem tryggja að íslenskur landbúnaður geti áfram þrífist og fengið blómgastr s.s. með



nýjum áherslum á umhverfismál og útflutning. Við höfum ekkert að óttast og allt að vinna í aðildarviðræðunum. Það er af þeim ástæðum sem mikill meirihluti Íslendinga vill ljúka viðræðunum og fá að taka afstöðu til samningsins í þjóðaratkvæðagreiðslu.

## Samtök gegn lýðræði

Athyglisvert er að hópi þeirra sem berjast fyrir því að Íslendingar, fólk í landinu, fái ekki sjálf að taka afstöðu heldur vilja hætta við samningagerðina, eru margir af glæstustu fulltrúum gamla Íslands. Þeir voru vanir því fyrir tíma hrunsins að ráða því sem þeir vildu. Þeim virðist slétt sama um að það var lýðræðisleg ákvörðun Alþingis að veita almennungi þann sjálfsgæða rétt að eiga lokaorðið um aðild, þegar samningur liggur fyrir. Þó tímarnir krefjast auk-

ins valds til fólksins, og aukið lýðræði sé ein af niðurstöðum í umræðunum í kjölfar bankahrunsins, þá virðist það eitru í þeirra beinum að þjóðin eigi lokaorðið. Heimssýn hefur breyst í það að vera samtök gegn lýðræði. Góðu fréttirnar eru hins vegar, að þjóðin tekur ekki leiðsögn þeirra lengur. Ítrekaðar kannanir sýna, að mikill meirihluti Íslendinga vill fá að greiða atkvæði um samning, þegar hann liggur fyrir.

„Þeir sem koma of seint, þeim refsar lífið“, voru hin fleygu orð Michaels Gorbachev við Eric Honecker á 40 ára afmæli Austur-Þýskalands. Honecker skildi ekki hvað við var átt. Skömmu síðar hrundi Berlínarmúrinn. Gamla Ísland vill ríghalda í gömlu múrana og óttast opnun. En íslenska þjóðin vill ráða sér sjálf. Um það snúast Evrópumálin.

